



Nýbygging Náttúrufræðistofnunar Íslands

Nýbygging Náttúrufræðistofnunar Íslands að Urriðaholti - Nýjungar í hönnun - BIM og BREEAM

Hús Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) að Urriðaholti í Garðabæ er nú fullbyggt og verður það tekið í notkun í nóvember 2010. Arkís er arkitekt byggingarinnar og hefur Ístak séð um framkvæmdir. AV sá um hönnun burðarvirkis og lagna. AV hafði þá um nokkurt skeið hannað lagnir og loftræsikerfi í þrívídd en vantað hafði að aðrir hönnunarpættir væru hannaðir í 3D. Í samvinnu við Arkís var ákveðið að koma allri hönnun hússins í þrívídd með því að „Slim BIM“ hönnunina (sjá nánar fréttabréf AV frá ágúst 2009).

Vegna hins vistvæna heildarskipulags Urriðaholts og tengingar NÍ við náttúru Íslands hefur við hönnun byggingarinnar verið lögð sérstök áhersla á vistvæna og sjálfbæra hönnun. Snemma í hönnunarferlinu var farið af stað með LEED (Leadership in Energy and Environmental Design) kerfið, sem er vottunarkerfi fyrir vistvæna hönnun mannvirkja. Kerfið er bandarískt og miðast við þarlenda staðla (sjá nánar fréttabréf AV feb 2008).

Snemma í hönnunarferlinu var hætt við að votta bygginguna skv. LEED kerfinu, aðallega vegna mikils kostnaðar við vottunina. Eftir að hönnun lauk var síðan ákveðið að fá umhverfissvottun nýbyggingar NÍ skv. breska kerfinu BREEAM (Building Research Establishment Environmental Assessment Method). Kerfinu er ætlað að greina og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum bygginga allt frá hönnun og byggingu þeirra til rekstrar. BREEAM hefur fengið útbreiðslu út fyrir Bretland, enda býður BREEAM International upp á að kröfur séu aðlagðar fyrir mismunandi lönd eða

landssvæði.

Ákvörðun um að fara með NÍ-bygginguna í BREEAM vottun var tekin eftir að hönnun var lokið og því verður vottunin aðeins á fullbúinni byggingu (post construction stage). Arkís samdi við AV um öflun og vinnslu sönnunargagna vegna lagna- og burðarþolshluta BREEAM vottunar. Vaninn er í BREEAM að nýbyggingar séu vottaðar á hönnunarstigi (design stage) og nú nýlega hefur verið bætt við vottun eftir að byggingin er fullbúin (post construction stage), enda ekki alltaf sem framkvæmd er í fullkomnu samræmi við hönnun.

Almenna verkfræðistofan hefur í rúmt ár haft formlegt leyfi til þess að votta vistvæna hönnun samkvæmt BREEAM aðferðinni. Tveir starfsmenn AV hafa réttindi til að annast ráðgjöf og vottun á vistvænni hönnun bygginga. Á síðunni <http://www.greenbooklive.com> er hægt að sjá lista yfir öll fyrirtæki og rekstraraðila sem hafa leyfi til að votta samkvæmt BREEAM.



Reynisvatnsás

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar hefur falið Almennu verkfræðistofunni umsjón og eftirlit með framkvæmdum við Reynisvatnsás. Reynisvatnsás er nýtt íbúðarhverfi rétt neðan við Reynisvatnsásinn í norðaustur hluta Reykjavíkur. Lokið er við eiginlega gatnagerð en nú er að hefjast vinna við umhverfisfrágang. Nú í haust á að ganga frá snjóbræðslulögnum, hellulögnum og gangstéttum.



Lagarfosslína 1

Lagarfosslína 1 er 66 kV háspennulína sem liggur frá Lagarfossvirkjun að tengivirki við Eyvindará, en línan var byggð árið 1971 af Rarik. Við stækkun Lagarfossvirkjunar mun afflutningur um Lagarfosslínu 1 aukast mikið og er því fyrirhugað að setja sverari leiðara á línuna. Í kjölfar ástandsskoðunar var ákveðið að endurbjuggja línuna á um 5 km kafla við tengivirkið við Eyvindará vegna mikillar isingarhættu þar og leggja línuna í jörð á þeim kafla.

Verkefni Almennu verkfræðistofunnar felst í gerð útboðsgagna fyrir jarðvinnu við jarðstreng. Í því skyni hefur verið gerð jarðkönnun á strengleiðinni með Cobra-bor svo unnt sé að magntaka klöpp í skurði og fá þannig raunhæfara mat á kostnað við framkvæmdina.

Flutningsgeta rafstrengja í jörðu ræðst að miklu leyti af kæligetu umhverfisins. Skiptir því miklu að varmaleiðni lagnasands sé sem best. Því hefur sandur úr námum á svæðinu verið kannaður með tilliti til þessa.



Grundarskóli á Akranesi

Af vel unnu verki á Akranesi

Almennu verkfræðistofunni var falið að hanna endurbætur á þaki á eina af álmum Grundarskóla á Akranesi.

Framkvæmdastofa Akraneskaupstaðar sá um framkvæmd verksins sem unnið var í sumar og lauk nýlega. Þakjárn var fjarlægð ásamt þakpappa og nýr þakdúkur settur á þakið. Nýja þakjárnmið var negl á lektur, þakgluggar aflagðir og þaktúður endurnýjaðar. Einnig var skipt um stálklæðningu á veggjum og rennur og þakniðurföll endurnýjuð.

Verkið var unnið af heimamönnum á Akranesi og verður að hrósa þeim fyrir sérstaklega vönduð vinnubrögð og í heild vel unnið verk sem er til fyrirmyndar.

Framkvæmdir við Egilshöll ganga vel

Framkvæmdir við Egilshöll ganga vel Almenna verkfræðistofan sér um útboð og umsjón með framkvæmdum við

frágang í Egilshöll. Verið er að innrétta SV bygginguna sem á að hýsa fjóra kvikmyndasali á efri hæð og mögulega keilusalí eða aðra álíka starfsemi á neðri hæð.

Framkvæmdir hófust eftir áramótin og er áætlað að ljúka anddyri og kvikmyndasölum í lok þessa árs.



Bleika slaufan afhent starfsmönnum

Almennu verkfræðistofan styður Krabbameinsfélag Íslands í ár með kaupum á bleiku slaufunni. Starfsmenn stofunnar fengu slaufurnar afhentar 1. október sl.

Föstudaginn 8. október var svo haldinn bleikur dagur til að sýna samstöðu í baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Þátttaka starfsmanna var til fyrirmyndar og mátti sjá marga bleika skjótast um gangana þennan dag.

Tilgangur Bleiku slaufunnar 2010 er að vekja athygli á konum og krabbameini og er árveknisátak til að huga að vönum gegn krabbameini, ekki síst brjóstakrabbameini sem er algengasta krabbameinið hjá konum.

Í ár var haldin hönnunarsamkeppni um slaufuna og bar Ragnheiður I. Margeirsdóttir sigur úr býtum. Slaufan í ár er silfurlituð með bleikum steinum og sótti hönnuðurinn innblástur í þjóðleg klæði formæðra okkar, íslenska þjóðbúninginn og það sem honum fylgir.



Stefnumótun og hópefli

Föstudaginn 1. október voru niðurstöður stefnumótunarvinnu AV kynntar. Þær voru kynntar starfsmönnum í húsa-kynnum ÍTR í Gufunesi. Þar fór Helgi framkvæmdarstjóri yfir helstu atriði sem komu fram í stefnumótunarvinnunni og hvernig úr þeim verður unnið til að marka skýra framtíðarsýn AV til ársins 2013.

Að kynningu lokinni tók Skemmtigarðurinn við stjórnartaumunum og skipti starfsmönnum upp í fjögur lið. Við tók hin skemmtilegasta liðakeppni þar sem svínalið, kisulið, hundalið og hanalið slógust um sigurinn. Keppt var í hinum ýmsu greinum, þ.á.m. boðhlaupi, reipitogi og þrautabraut. Í þrautunum skipti máli að hver hópur stæði saman og efldi þannig liðsandann. Það fór svo að lokum að svínin mörðu sigurinn með einu stigi á hundana sem enduðu í öðru sæti.



Að keppni lokinni, settist fólk niður og gæddi sér á lúxushamborgurum og guðaveigum á meðan hinir ýmsu samkvæmisleikir fóru fram. Frést hefur að Julia Roberts, King Kong, Jóhanna Sigurðar og fleiri hafi tekið þátt í borðhaldinu.

NÝIR STARFSMENN



Halldór Gunnar Daðason

Er með B.Sc. gráðu í byggingartæknifræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Hann hóf störf í júní sl. á Byggingar- og iðnaðarsviði



Eiríkur Steinn Búason

Er með M.Sc. gráðu í byggingarverkfræði frá DTU Danmarks Tekniske Universitet.

Hann hóf störf í september sl. á Byggingar- og iðnaðarsviði



Daði Gils Þorsteinsson

Er með C.Sc gráðu í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands.

Hann hóf störf í september sl. á Byggingar- og iðnaðarsviði